
Frægðin hefur kennt mér að vera hógvær

– segir grafíklistamaðurinn PAUL WEBER

viðtal:
HERDÍS
ÞORGEIRSDÓTTIR
myndir:
EMILÍA BJÖRNSDÓTTIR

EINS og fram hefur komið hér í blaðinu, stendur nú yfir í vestursal Kjarvalsstaða sýning á verkum hins þekkta þýzka grafíklistamanns, A. Paul Weber. Stendur sýningin til 12. júlí n.k. en Weber, sem kom hingað til lands fyrir tæpri viku, heldur til Þýzkalands í dag.

Andreas Paul Weber er fæddur í bænum Arnstadt í Þýzkalandi 1. nóvember árið 1893 og er því á 84. aldursári. Átján ára gamall fór hann að vinna að grafík og hefur haldið því áfram ótrauður síðan. Hann byrjaði snemma að myndskreyog tímarit með þeim afdrifaríku afleiðingum að á uppgangsárum nazdaÞýzkalandi var hann settur í fangabúðir vegna aðildar sinnar að andófstímaritinu „Widerstand". Hlaut hann eins árs fangavist árið 1937 vegna myndskreytinga sinna í tímarit þetta með sögu eftir rithöfundinn Niekischs, sem hét „Hitler — hin þýzku örlög", og var birt árið 1932. Áður hafði hann myndskreytt sögur eftir Munchausen, ritverk Kafka og m.a. ævintýrið um Róbinson Krúsó. Árið 1973 keyptu Slésvík og Holstein land undir safn fyrir hans helztu listaverk og er það safn í Ratzeburgh. Síðan 1959 hefur hann gefið út bók með myndum sínum ár hvert og kallar árbók þá „Kritischer Kalender". Þar birtir hann myndir við ýmsar hugmyndir og texta bæði í bundnu og óbundnu máli.



„Mín list er á þann hátt svipuð fjölmiðli að hún er upplýsing," segir A. Paul Weber.

Paul Weber er í dag og hefur um langan aldur verið álitinn einn fremsti grafík-listamaður Þýzkalands og þó víðar væri leitað.

Morgunblaðið hitti hann að máli á Kjarvalsstöðum nú í vikunni og átti við hann stutt samtal. Hann er tregur að tala um sjálfan sig, vill frekar ræða vandamál blaðamannsins, fjölmiðlunar og þeirra erfiðleika, sem fjölmiðlar stöðugt búa við; það er að geta ekki tjáð sig fullkomlega eða nákvæmlega, þegar listamaður getur rissað upp mynd á smáblеiði," sem segir meira en opnugrein í dagblaði.

Við sitjum yfir kaffibolla og hann segir: „Eins lengi og við drekkum kaffi, þarf engin orð." Kannski verður hann reiður ef sagt er að yfirbragð hans og fas minni ofurlítið á Picasso. Það er eitthvað ekta við allt hans látbragð, eitthvað, sem gerir það að verkum að maður finnur að þarna er óvenjulegur maður á ferð — listamaður.

Hann er þó ekki í essinu sínu fyrr en hann fær að ganga með okkur um vestursalinn og sýna okkur myndirnar. Þær einar skipta hann máli, í gegnum þær vill hann tala og tjá sig. Grafíkin er hans fjölmiðill, hans tjáningarform og hans samband við umheiminn.

Markmið hans með listinni er að benda á vandamálin, stóru og smáu, allt sem fer aflaga bæði stjórnarfarslega, þjóðfélagslega og í mannlegu lífi. Hann segist ekki geta talað við fólk nema með myndum sínum en með þeim vilji hann vekja fólk til umhugsunar, allt fólk — hvort sem *það er vinstri eða hægri sinnað*, trúlaust eða kaþólskt. „Listin er á þann hátt svipuð fjölmiðli, þ.e. mín list að hún er upplýsing. Ég ætlast ekki eingöngu til þess að þeir, sem horfi á verk mín, skynji eða sjái ádeiluna, sem í þeim felst — heldur líka formið. Í „Kritischer Kalender," sem ég gef út árlega, hef ég oft rekið mig á, að það er erfiðara að finna texta við myndirnar heldur en að vinna myndirnar sjálfar".

Hann kveður nei við spurningunni hvort hann sé á einhvern hátt frumkvöðull á sviði grafíklistar í Þýzkalandi. „Hvorki frumkvöðull né lærifaðir, fólk, sem notar sömu aðferðir og ég við listræna túlkun í grafík, er eingöngu fólk, sem fylgir sömu stefnu og ég eða gengur sömu leið, því ég get ekki talizt fylgjandi einnar ákveðinnar stefnu annarar en að vera gagnrýninni á allt." Hann segist heldur ekki álíta að verk sín höfði til eins sérstaks hóps og þeir, sem hafi *hrifist af verkum hans, séu úr öllum* pólitískum flokkum eða stéttum. Það voru til dæmis andstæð pólitísk samtök eða öfl, sem stuðluðu að tilkomu safnsins í Ratzeburgh. Hann lítur sýnilega á sig sem gagnrýnanda fremur en stefnumótanda. *Kaþólska kirkjan hefur t.d. verið* honum hugleikið viðfangsefni til gagnrýni, ekki vegna þess að hann sé andvígur kaþólskri trú, heldur að honum finnst þar megi margt betur fara eins og annars staðar.

„Miðpunktur listar minnar er þó manneskjan." Síðan hlær hann og segist eiga erfitt með að tjá sig eða benda á vandamál mannsins öðru vísi en í gegnum verk sín.

Með verkunum horfir hann einnig fram í tímann. Fyrir áratug eða svo vann hann mynd, þar sem koma fram ýmsir punktar í Helsinkisáttmálanum. *Umhverfisvernd og nauð*syn hennar stakk upp kollinum í hans fyrstu verkum. Við upphaf listferils síns verðist hann hafa skynjað endirinn? „Kannski".

Mótív mynda hans hafa skerpt athyglisgáfu hans. „Maður verður að virða fyrir sér umhverfið — rýna í gegnum hlutina og undir yfirborðið. Með því öðlast maður innsýn í hluti, sem annars væru huldir sjónum manns.

Þær myndir, sem nú hanga í vestursalnum eru að hans sögn neikvæðari en mörg önnur verk hans. „Sum eru stór eins og listin sjálf, önnur viðkvæm, neikvæð eða jákvæð. Listin er viðfeðm. Gagnrýni getur líka verið jákvæð."

Weber er ekki eingöngu grafíker, hann málar einnig með pensli og olíulitum.

— Af hverju tekur hann grafík fram yfir venjulega listmálun?

„Vegna þess að það er ekki hægt að gagnrýna öðruvísi en í gegnum grafík. Pensil og olíuliti getur maður *ekki notað á sama hátt*."

Hann byrjaði á tréskurði og einnig fljótt með steinprent sem hefur verið ráðandi í listsköpun hans æ síðan. Myndirnar vinnur hann af „inspirasjón", gerir sjaldnast uppkast nema í fáum tilvikum og þá er yfirleitt hver *millimetri flatarins þaulhugsaður áð*ur, eins og í einni mynd hans af Efnahagsbandalaginu á drekkhlöðnum skipshjalli.

— Hverjir voru hans lærifeður?

— „Kannski Dürer eða svokölluð Nürnbergtækni." Goya segist hann þó hafa mest dálæti á.

„Ég virði alla duglega listamenn. *Það bezta frá hverjum. Gæðin eru* það, sem skiptir mestu máli í listinni."

Weber er mjög góður vinur Heinemanns fyrrverandi forseta Vestur-Þýzkalands, en sá hefur alla tíð verið mikill aðdáandi grafíklistar Webers. Sex sjónvarpsmenn komu hingað til lands ásamt Webers til að fylgjast með ferðum hans og gjörðum.

— Hvað hefur frægðin gert fyrir hann? Verið hindrun eða til góðs?

— „Frægðin hefur aldrei verið vandamál hjá mér", segir hann. „Frægðin hefur kennt mér að vera hógvær. Hún verkar örvandi á mig."

Meðan á dvöl hans í Reykjavík hefur staðið, segist hann hafa séð *mikið af íslenzkum listaverkum* — hangandi upp um alla veggi. Hann segist hafa haft gaman af því að skoða Kjarvalssýninguna.

„Ég vildi óska þess", segir hann rétt áður en við stöndum upp frá kaffidrykkjunni til að skoða verk *hans*, „að list *mín hér í Reykjavík* hefði sömu áhrif og bergmálið, að hún endurhljómi. Vegna þess að þið hér á Íslandi hafið þörf fyrir list. Fyrir ykkur er listin áríðandi!"

Dýr og ævintýri eru listamanninum einnig hugleikið viðfangsefni. Hér er mynd af héranum, sem fór í kapphlaup við broddgöltinn og tapaði.



„Yfirleitt risti ég myndir mínar beint á stein án þess að gera uppkast, en sumar þaulhugsa ég og skipulegg áður eins og myndina af Efnahagsbandalaginu." (t.v.). Til hægri er svo mynd, sem heitir hamarshögg, táknræn fyrir sovézkan kommúnisma. Í líkkistunni á að vera rithöfundur. „Tvö til þrjú hamarshögg og þögn!" segir Weber.

